

Skipulagsstofnun
Valur Klemensson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík 30. mars 2016
UST201603-036/B.S.
08.14.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - brennsluofnar við sláturhús. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 1. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fram kemur í greinargerð Norðlenska að ráðgert er að staðsetja brennsluofna við sláturhús á Akureyri, Höfn í Hornafirði og Húsavík. Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað sé að brenna allan úrgang sem til fellur eftir slátrun.


Umhverfisstofnun vill benda á að ef ráðgert sé að brennan allan úrgang sem til fellur við slátrun fellur slík starfsemi undir gildissvið reglugerðar nr. 739/2003 um brennslu úrgangs. Stofnunin telur að sá búnaður sem hér um ræðir og hentar til brennslu takmarkaðs magns úrgangs s.s. áhættuvefi, henti vart til brennslu alls sláturúrgangs eins og ráðgert er við umrædd sláturhús.

Umhverfisstofnun telur að slíka framkvæmd þurfi að skoða í öðru samhengi en hér er gert. Kanna þurfi umhverfissáhrif reksturs brennslustöðva sem uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 739/2003 um brennslu úrgangs í stað brennsluofna sem eytt geta áhættuvef skv. reglugerð Evrópuþingins nr. 1774/2002.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri